

ÁRSSKÝRSLA
SÝSLUMANNINS Á SEYÐISFIRÐI
YFIRSTJÓRN
ÁRIÐ 2008



SEYÐISFIRÐI NÓVEMBER 2009

I. INNGANGUR.

Gerð þessarar tíundu ársskýrslu sýslumannsins á Seyðisfirði er í samræmi við erindisbréf hans frá 5.júlí 1999 og samning dómsmálaráðuneytisins og sýslumannsins á Seyðisfirði um rekstur embættisins frá sama tíma. Af sama meiði er langtímaáætlun embættisins fyrir árin 2005 til 2008.

Burðarásinn í þessari ársskýrslu eru tölulegar upplýsingar um embætti sýslumannsins á Seyðisfirði.

Í stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði voru á árinu 2008 sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Borgarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður.

II. HÚSNÆÐI OG STARFSMENN.

Sýsluskrifstofan er til húsa að Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði. Útibú eru að Lyngási 15, Egilsstöðum og Lónabraut 2, Vopnafirði.

Lögreglustöðvar eru að Hafnargötu 4a, Seyðisfirði, Lyngási 15, Egilsstöðum og Lónabraut 2, Vopnafirði. Tollgæslan hefur afnot húsnæðis á Fjarðarhöfn og starfsaðstöðu á Egilsstaðaflugvelli.

Á árinu 2008 voru fastráðnir starfsmenn embættisins 22. Skiptust þeir þannig að á skrifstofu störfuðu 12 skrifstofumenn í 11.25 stöðugildum, 1 tollvörður og við löggæslu störfuðu 9 lögreglumenn. Þá voru að störfum 8 héraðslögreglumenn. Ráðinn var einn tollvörður til að hafa umsjón með fíkniefnaleitarhundi. Hann var ráðinn til tollstjórans í Reykjavík en starfaði við embættið. Hundurinn var afhentur embættinu formlega hinn 7. apríl frá hundabjálfa RSL Steinari Gunnarssyni:

Steinar og Codie




III. REKSTRARKOSTNAÐUR.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðutölur rekstrar embættisins frá árinu 2004 til og með 2008. Niðurstaða rekstar ársins 2008 varð neikvæð um kr.15,3 milljónir með þeim fyrirvara sem fram kemur hér að neðan um sérstakt fjárframlag til tækjakaupa.

Niðurstöðutölur rekstrar.


Ár.	2004	2005	2006	2007	2008
Niðurst.tölur rekstrar,þ.kr					
	-7988	12229	22052	39324	23982
Tekjuafgangur ársins			9821	17271	-15342




Neikvæð rekstrarniðurstaða ársins 2008 skýrist af því að ráðstafað var framlagi sem fékkst árið 2007 til tækjakaupa vegna tollafgreiðslu og eftirlits með útlendingum. Höfuðstóll í árslok var 23.9 milljónir.

REKSTRARKOSTNAÐUR SKIPTIST ÞANNIG Á EINSTAKAR DEILDIR Í % Á MILLI ÁRA:


	ÁR 2005	ÁR 2006	ÁR 2007	ÁR 2008
YFIRST.	43,61%	42,21%	35,69%	36,13%
LÖGG.	47,81%	47,94%	50,56%	51,55%
TOLLG.	8,56%	9,85%	13,75%	12,32%



Fjárheimildir:	2006	2007	2008
Fjárveiting	174700	192200	188900
Frá fyrra ári	-12232	22052	
Millif. af ráðuneyti	7518	23180	7518
Launabætur	44	1600	9000
Alls	194494	239032	197900



Kostnaður	2006	2007	2008
Yfirstjórn	74625	71265	77036
Löggæsla	82465	100970	109929
Tollgæsla	16947	27473	26277
Embættið alls	171996	199708	213243
Rekstrarstaða	22052	39324	23982



IV.

STARFSEMIN.

Í þessum kafla er að finna tölulegar upplýsingar um þinglýsingar, aðfarargerðir, nauðungarsölur, sífjamál, dánarbú, lögræðismál, lögbókandagerðir, almannatryggingar og leyfisveitingar.

Í V. Kafla er tilvísun í ársskýrslu tollgæslunnar á Seyðisfirði.

Í VII Kafla eru upplýsingar um innheimtu embættisins.

Í VII. Kafla er vísað til ársskýrslu lögreglunnar sem finna má á lögregluvefnum.

Í VII. Kafla er vísað til þess að ákæruvaldsmálefni er að finna í ársskýrslu lögreglunnar.

Í IX. Kafla er fjallað um ferðir, námskeið, viðburði og fundi.

X. Kafli geymir svo lokaorð.

A.

Þinglýsingar.

Ár.	2007	2008	Mism.
Þinglýst fasteignaskjöl og lausafjár.	2197	1636	-558
Heildarfjöldi þinglýstra skjala.	2197	1636	-558
Skráning firma.	6	4	-2

B.

Aðfarargerðir.

Ár.	2007	2008	Mism.
Nýjar beiðnir.	624	723	99
Beiðnum alls lokið.	592	635	43
Beiðnum ólokið 31/12	32	88	56

C. Nauðungarsölur.

Fasteignir og skip:

Ár.	2007	2008	Mism.
Nýjar beiðnir.	83	96	13
Seldar eignir.	13	35	22
Lokin mál.	60	47	-13
Ólokin mál.	10	14	4

Lausafé:

Ár.	2007	2008	Mism.
Nýjar beiðnir.	17	26	9
Seldar eignir.	2	9	7
Lokin mál.	11	7	-4
Ólokin mál.	4	10	6

D. Sifjamál, dánarbú og lögræðismál.

Fjöldi sifjamála hjá embætti sýslumannsins á Seyðisfirði er nokkuð svipaður milli ára þó að marka megi mikla fækkun í skilnaðarmálum og aukningu í hjónavígslumálum frá árinu 2007-2008.

Skilnaðarmál:

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	23	5	-18
Alls til meðferðar.	24	5	-19
Afgreidd mál alls.	24	5	-19
Óafgreidd um áramót.	0	0	0

Hjónavígslur:

Ár.	2007	2008	Mism.
Hjónavígslur, samtals.	5	13	8
Staðfest samvist.	0	0	0

Mál samkvæmt barnalögum:

1. Faðernis- og meðlagsmál:

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	10	10	0
Alls til meðferðar.	11	12	1
Afgreidd mál alls.	9	12	3
Óafgreidd um áramót.	2	0	-2

2. Almenn meðlagsmál:

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	11	14	3
Alls til meðferðar.	13	14	1
Afgreidd mál alls.	13	14	1
Óafgreidd um áramót.	0	0	0

3. Forsjármál-og meðlagsmál: (Sambúðarslit meðtalin)

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	20	12	-8
Alls til meðferðar.	24	17	-7
Afgreidd mál alls.	19	11	-8
Óafgreidd um áramót.	5	6	1

4. Umgengnismál:

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	5	7	2
Alls til meðferðar.	5	7	2
Afgreidd mál alls.	5	6	1
Óafgreidd um áramót.	0	1	1

5. Mál skv. 62. gr. (menntunarframlag) skv. lögum nr.76/2003

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	2	3	1
Alls til meðferðar.	2	5	3
Afgreidd mál alls.	0	5	5
Óafgreidd um áramót.	2	0	-2

6. Mál skv. 60. gr. barnalaga (framlag vegna fermingar o.fl.) skv. lögum nr.76/2006

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	4	2	-2
Alls til meðferðar.	5	1	-4
Afgreidd mál alls.	3	3	0
Óafgreidd um áramót.	2	1	-1

Dánarbú:

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	40	38	-2
Alls til meðferðar.	58	63	5
Afgreidd mál.	33	43	10
Óafgreidd mál.	23	20	-3

Lögræðismál:

Ár.	2007	2008	Mism.
Skipanir lögráðamanna.	2	0	-2
Niðurfelldar skipanir lögráðamanna.	0	0	0
Skipanir ráðsmanns	0	1	1

Fjármunir ómyndugra:

Ár.	2007	2008	Mism.
Ný mál.	3	5	2
Afgreidd mál alls.	3	5	2

E.**Almannatryggingar.**

Embætti sýslumanna hafa haft með höndum umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins um langan aldur. Segja má að hið svokallaða hugtak “One shop stop” eigi ágætlega við um embætti sýslumanna og samspil þeirra við TR.. Við embættin geta þegnarnir sótt alla þá þjónustu sem TR bíður upp á og er dreifing þjónustunnar með því besta sem þekktist. Öll afgreiðsla fer fram á aðalskrifstofu embættisins að Bjólfsgötu 7. Útibúin að Lyngási 15, Egilsstöðum og Lónabraut 2, Vopnafirði annast alla þjónustu s.s., leiðbeiningar, viðtöku umsókna og afhendingu gagna. Það þarf því ekki að leita annað um þessa þjónustu. Til viðbótar þessu geta viðskiptamenn TR notað ferðina til að eiga öll önnur samskipti við hið opinbera. Ekki þykja efni til að tíunda hér fjölda afgreiðslna og verka sem fulltrúar hafa með höndum, en rétt þykir að geta þess að skoðanakannanir sýna ótvírætt að þegnar þessa lands eru hæstánægðir með þá þjónustu sem umboðin veita. Ekki virðist því vera rétt að gera breytingar á því fyrirkomulagi. Hinn 1. október tóku Sjúkratryggingar Íslands til starfa samkvæmt lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun ríkisins reka sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við viðskiptavinum sína. Þjónustumiðstöð er staðsett á fyrstu hæð á Laugavegi 114. Þar er öll almenn afgreiðsla. Hjálpartækjamiðstöð er staðsett að Smiðjuvegi 28 í Kópavogi. Utan Reykjavíkur eru 25 umboðsskrifstofur hjá sýslumannsembættum.

F.**Leyfisveitingar.**

Leyfisveitingar á árinu 2008 voru með svipuðum hætti í flestum flokkum að því frátöldu að veiting atvinnuskírteina til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda fluttist frá sýslumanni til Siglingastofnunar. Eins urðu breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem tóku gildi 1. júlí 2007 og hafa áhrifa á talningu leyfa á milli árána 2007 og 2008.

Ökuskírteini:

Ár.	2007	2008	Mism.
Útgefin ökuskírteini.	608	559	-49
Útgefin æfingaaksturs- og leiðbeinandaleyfi.	97	350	253

Vegabréf:

Ár.	2007	2008	Mism.
Vegabréf.	584		

Ýmis önnur leyfi:

Ár.	2007	2008	Mism.
Eiturleyfi.	0	2	2
Rekstrarleyfi gistinga- og veitingaleyfi	-	34	34
Hótel.	1	-	-1
Gistiskáli.	7	-	-7
Gisting á einkaheimili.	0	-	0
Gistiheimili.	0	-	0
Kaffihús.	0	-	0
Veitingahús.	5	-	-5
Skemmtistaðir.	0	-	0
Veisluþjónusta, veitingaverslun.	0	-	0
Einkasalur, félagsheimili.	1	-	0
Útgefin iðju- og iðnaðarleyfi.	0	0	0
Útgefin meistarabréf.	0	1	1
Leyfi fyrir aksturskeppni.	2	0	-2
Skemmtanaleyfi/Tækifærisleifyfi	64	36	-28
Sprengiefni, flutningur, geymsla og sprengileyfi	9	41	32
Brennuleyfi	0	10	10
Flutningsleyfi	-	29	29
Bílasöluleyfi	-	10	10
Skoteldaleyfi	-	14	14

V.

Tollamál.

Vísað er til ársskýrslu tollstjóra fyrir árið 2008.

VI.**INNHEIMTA.**

Embættið fer skv. lögum og reglugerðum með innheimtu opinberra gjalda. Er við þá vinnu einnig stuðst við verklagsreglur tollstjóra um innheimtuna. Eru til innheimtu fyrir ríkið allir hinir venjulegu gjaldflokkar, en embættið fer einnig með innheimtu útsvara fyrir öll sveitarfélög í umdæminu og sömuleiðis hefur það með höndum innheimtu fasteignagjalda fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Innheimtuárangur er tekinn saman af hálfu tollsjóra og þykja ekki efni til að tíunda hann í ársskýrslu þessari.

Að kröfu innheimtudeildar voru gerðar:

	2007	2008
Aðfararbeiðnir	285	403
Nauðungarsölubeiðnir	43	27
Gjaldþrotabeiðnir	7	8

VII.

Löggæsla

Vísað er til ársskýrslu lögreglunnar fyrir árið 2008. Er þetta í síðasta skipti sem þessi kafli verður í ársskýrslu yfirstjórnar og verður ekki fjallað frekar um þennan þátt hér. Vísað er á vefslóðina www.logreglan.is en þar er hægt að nálgast ársskýrslur embættisins.



Samstarf embætta

Samstarfssamningar og samvinna voru í gangi á árinu við eftirtaldar stofnanir og embætti: Ríkislögreglustjórn, LRH, Lögreglustjórn á Eskifirði, Lögreglustjórn á Húsavík, Tollstjórnin í Reykjavík, Lögreglustjórnin í Þórshöfn í Færeyjum. Samvinna var við sveitarstjórnir innan umdæmisins.



Vaktin staðin á Vestdal

VIII.

Ákærvaldsmálefni

Fjallað er um þennan hluta starfseminnar í árssýrslu lögreglunnar fyrir árið 2008.

IX.

Fundir, námskeið, viðburðir, ferðir og o.fl.

Á árinu voru haldnir mánaðarlegir fundir hjá RLS. Hinn 11. janúar var haldinn almennur félagsfundur í Lögreglustjórafélagi Íslands (LÍ) um starfsumhverfi lögreglunnar. Í janúar var unnið í Langtímaáætlun. Hinn 18. janúar var fundað með tollstjóranum í Reykjavík um ráðningu tollvarðar til að hafa umsjón með fíkniefnaleitarhundi. Þann 2. febrúar var fundað með svokallaðri Norð-Austurnefnd, sem hefur m.a. það hlutverk að finna verkefni fyrir svæðið. Enn var fundað um sama málefni þann 3. febrúar. Atvinnumál voru á dagskrá nefndarinnar þann 6. febrúar. Hinn 12. febrúar var sótt námskeið í starfsmannaviðtölum. Þann 20. febrúar var fundað sérstaklega með lögreglunni vegna vaktkerfismála. Löglærður fulltrúi sótti sífjamálaráðstefnu þann 5. mars. Starfsmenn TR-umboðsins fóru á námskeið til Reykjavíkur dagana 5. og 7. mars. Þann 7. mars var fundahrina í Reykjavík á vegum LÍ og dómsmálaráðuneytis. Hinn 3. apríl var haldinn félagsfundur í LÍ hvar hver og einn félagsmaður hélt 20 mín. fyrirlestur um sitt embætti. Hinn 5. apríl var ný flugstöð á Egilsstöðum vígð. Þann 7. apríl var fundur vegna landamerkjamála haldinn á Seyðisfirði. Þann 10. apríl var fundað á Egilsstöðum með sóttvarnarlækni. Dagana 14. til 18. apríl heimsótti sýslumaður Færeyjar í fylgd annara sýslumanna og var flogið heim hinn 19. apríl. Ferðin var bæði fróðleg og skemmtileg. Nokkrar myndir úr ferðinni prýða skýrslu þessa. Hinn 20. apríl tók hundapjálfari embættisins (tollstjóra) við fíkniefnaleitarhundinum Codie og hófst þegar handa við vinnu með hann daginn eftir. Þriðjudaginn 22. apríl er bókað í dagbók: Ferjan kemur. Löglærðir fulltrúar embættisins sóttu ráðstefnu ríkissaksóknara dagana 27.-29. apríl. Þann 2. maí var hádegisverðarfundur á Akureyri og enn fjallað um skipulag lögreglumála. Hinn 5. maí var fundað með bæjarstjóranum á Seyðisfirði um ýmis mál. Enn var fundað í Norð-Austurnefnd laugardaginn 24. maí. Hinn 27. maí var fundur í LÍ og síðar um daginn með ráðuneytinu. Þann 29. maí heimsótti ríkissaksóknari Egilsstaði og kl.14.00 s.d. var fundur með Fasteingamati Ríkisins á Hótel Héraði. Hinn 3. júní var haldinn samráðsfundur tollstjóra. Síðar þann sama dag var fundur í LÍ. Í byrjun júní nánar tiltekið hinn 11. júní kom upp stærsta fíkniefnamál í sögu embættisins, sem varðaði smygl á 200 kg. af hassi. Embættið sá um frumvinnu í málinu en afhenti það síðan til fíkniefnadeildar LRH til frekari rannsóknar og úrvinnslu. Hinn 28. júní var framkvæmd eftirminnileg hjónavígsla í Hallormsstaðaskógi að viðstöddu fjölmenni. Hinn 1. júlí var fundað með öllum starfseiningum eftir sumarfrí til að taka stöðuna. Hinn 12. ágúst var fundað með sérlegum ráðgjafa Dómsmálaráðherra í lögreglumálefnum á Hótel Öldunni á Seyðisfirði. Fundinn sátu undirritaður ásamt yfirlögregluþjónni embættisins og Dr. Bracke og ritara hans. Aftur kom upp stórt fíkniefnamál við embættið hinn 2. september. Það snerist um innflutning á u.þ.b. 20 kg af hassi og tæp 2 kg af amfetamíni. Þetta mál var einnig afhent fíkniefnadeild LRH að lokinni frumrannsókn. Enn var haldinn fundur í LÍ hinn 11.

spetember. Ferðin var nýtt til að heimsækja fíkniefnadeild LRH en mikl og góð samvinna er við deildina. Löglærður fulltrúi mætti á Fræðaping FLNA á Akureyri 20.- 21. spetember. Enn var flogið suður og fundað hjá RLS hinn 30. september. Ferðin notuð til námskeiðssetu á Háskólatorgi vegna almannavarna/umhverfismála og daginn eftir var námskeið í EHÍ um fjármál ríkisstofnanna. Þá var Bandaríska sendiráðið heimsótt um kvöldið. Hinn 3. október var fundað með RLS og síðan fundaði Dómsmálaráðuneytið með Sýslumannafélagi Íslands. Hinn 8. október var fundað á Egilsstöðum með sveitarstjórnnum vegna innheimtumála. Töluverð vinna varð við eftirlit með því að veðsettir bílar færu ekki út með ferjunni upp úr miðjum október og nokkar næstu ferðir. Hinn 7. nóvember var fundur ríkissaksóknara um morguninn og fundur með dómsmálaráðherra um miðjan daginn. Hinn 5. desember var haldinn landsfundur lögreglustjóra með RLS. Þá voru að venju haldnir mánaðarlegir starfsmannafundir með lögreglunni, en fundir með starfsmönnum yfirstjórnar voru óreglulegri. Þó var fundað fjórum sinnum á árinu um innheimtumál auk annarra tilfallandi funda í yfirstjórn embættisins. Þá voru haldnir reglulegir mánaðarlegir fundir lögreglustjóra, löglærðs fulltrúa, yfirlögregluþjóns og lögreglufulltrúa vegna rannsókna mála. Unnið var í stefnumótun, stefnuáætlun, langtímaáætlun og ársskýrslum fyrir alla þætti starfseminnar. Haldið var sameiginlegt námskeið með sýslumanninum á Eskifirði um eineltismál. Komu fræðarar frá RLS austur. Mikil vinna fór í undirbúning áætlana vegna heimsfaraldursinflúensu. Var bæði fundað stíft og sömuleiðis farið í að undirbúa séráætlun fyrir umdæmið en sú vinna færðist að mestu yfir á árið 2009. Nokkrir fundir voru haldnir í almannavarnarnefndum á árinu. Unnið var að sameiningu allra almannavarnarnefnda í umdæminu og bar það árangur. Þá var unnið í viðbragðsáætlunum á sviði almannavarna. Farnar voru fjölmargar ferðir til Egilsstaða og Vopnafjarðar vegna fjárnáma og nauðungaruppbóða. Sömuleiðis vegna fyrirtækta sífjamála, mætinga í héraðsdóm og vegna meðferðar opinberra mála. Sýslumaður fór til Færeyja með sýslumannafélagi Ísland daganna 14-18.apríl eins og áður sagði og fylgja hér nokkrar myndir.



Kirkjubær

Var tekið hús á lögreglustóranum í Þórshöfn. Skoðaðar voru lögreglustöðvar víðs vega um eyjarnar auk þess sem hlýtt var á fyrirlestra.



Sveinur segir frá Þrándi í Götu

Leiðsögumenn voru af ýmsum starfsstigum.



Ólafur og gamla kirkjan

Þetta er brot af því helsta sem gerðist hjá embættinu á árinu.

X. Lokaorð

Markmið með ársskýrsu þessari er að gera grein fyrir starfsemi embættisins á árinu 2008. Nokkur breyting var gerð á henni frá fyrri árum og leitast við að greina með skriflegum hætti á mannamáli frá helstu þáttum í starfseminni en minni áhersla lögð á að þylja upp tölulegar staðreyndir þó að þær skipi enn nokkurn sess í skýrslunni. Þá er nú minni áhersla lögð á þætti toll-og löggæslu enda gera þessar deildir sínar sérstöku ársskýrslur. Þá fluttist forræði tollsins frá lögreglustjóranum á Seyðisfirði við áramót 2008-2009. Gera má ráð fyrir að starfsmenn tollstjóra sem áður unnu að ársskýrslu fyrir tollaþátt embættisins vinni upplýsingar sem teknar verði inn í ársskýrslu tollsins fyrir árið 2008, þar sem sú vinna fer öll fram á árinu 2009, en þá hafa viðkomandi starfsmenn fluttst til tollstjóra. Lögreglan gerir nú sína eigin ársskýrslu og þarf ekki að fjalla frekar um hana hér.

Miklar sviptingar eru í starfsemi embættisins og hinn 31. desember 2008 var síðasti dagur sem tollgæsla heyrði undir embættið, þegar Tollstjórinn tók við allri tollgæslu á landsvísu við áramót eins og fram er komið. Tollgæsla var veigamikill þáttur í starfsemi embættisinsog má segja að þrátt fyrir þjónustusamning við Tollstjóra séu með þessari breytingu auknar líkur á að embættið verði í verulegri tilvisarkreppu þegar löggæslan verður tekin frá því um næstu áramót. Þá er nokkur óvissa ríkjandi um sameiningar sýslumannsembætta en gera má ráð fyrir að áætlanir um sameiningar sýslumannsembætta gangi eftir og ætti sú skipan mála að styrkja sameinað embætti á Austurlandi á ný.

Seyðisfirði, 5. nóvember 2009

Lárus Bjarnason